

**Gangsetning og tenging Numens 205-015 þráðlausra reyðskynjara.**

**Athugið að lesa bæklinginn sem fylgir reyðskynjaranum!**

**Gangsetning:**

1. Takið alla skynjarana sem þið ætlið að samtengja og setjið á borð fyrir framan ykkur. Læsið hverjum skynjara í loftfestingunni.
2. Virkjið alla skynjarana með því að halda niðri Prófun/Þöggun (Test/Silence) hnappnum í 3 sekúndur á hverjum og einum, þá blikkar LED ljósið hratt og heyrir stutt píp sem gefur til kynna að búið sé að virkja skynjarann.

**Uppsetning þráðlausrar tengingar tveggja eða fleiri skynjara:**

1. Setjið skynjara #1 í hóp-ham með því að ýta og sleppa prófunar hnappnum 5 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá stutt píp hljóðmerki og rautt LED ljós mun blikka á hálfrar sekúndu fresti. Skynjari #1 mun haldast í hóp-ham í 50 sekúndur (nema slökkt sé á hamnum innan þess tíma).
2. Til að bæta skynjara #2 við hópinn skal ýta og sleppa prófunar hnappnum (á skynjara #2) 2 sinnum innan 2 sekúndna. Rauða LED ljósið mun blikka á hálfrar sekúndu fresti. Skynjari #2 gefur þá stutt píp hljóðmerki til staðfestingar tengingunni.
3. Endurtakið 2. lið til að bæta við skynjurum #3; #4 eða fleiri við hópinn.

4. Ef þið ætlið að tengja fjarstýringu, þá gerist það á sama hátt. Þ.e. með því að ýta og sleppa prófunarhnapp hennar 2 sinnum innan 2 sekúndna, fjarstýringin víbrar þá örstutt til staðfestingar tengingunni.

**Til að aftengja skynjara úr hóp:**

- Til að aftengja skynjara úr hóp skal ýta og sleppa prófunar hnappnum 8 sinnum innan 5 sekúndna. Skynjarinn gefur þá frá sér tvö píp hljóðmerki og rautt LED ljósið blikkar tvisvar til að staðfesta aftenginguna.

**Til að prófa skynjara. (Notið heyrnarhlífar vegna mikils hávaða).**

1. Ýtið og haldið prófunar hnappnum inni í 3 sekúndur.
2. Skynjarinn gefur þá frá sér hljóðmerki (hálf sek. hljóð / hálf sek. þögn) og rautt LED ljós blikkar á 1 sek. fresti.
3. Á tengdum skynjurum athugið hvort þeir gefi hljóðmerki (hálf sek. hljóð / hálf sek. þögn) og rautt LED ljós blikkar.
4. Sleppið prófunar hnappnum til að þagga í skynjaranum og þá fer hann í venjulegan ham. ATH. Skynjararnir geta tekið allt að 10 sekúndur til að þagna. 5. Endurtakið skref 1 til 4 fyrir hvern skynjara.